

Alþingi
Erindi nr. P 127/1301
komudagur 18.03.2002



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið / Einar Farestveit
150 Reykjavík

11. mars 2002

Efni: Frumvarp til laga um varnir gegn landbroti, 504 mál.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 22. febrúar 2002.

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um varnir gegn landbroti. Samtökin vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við Alþingi:

1.

Vakin er athygli á því að í 4.gr. er vísað til þess að við forgangsröðun verkefna skuli höfð hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkis sem landbrotið ógnar. Þá segir að nytjalönd, mannvirki og gróðurlendi skulu jafnan njóta forgangs við röðun verkefna. Hér telur Landvernd að æskilegt að hér verði einnig tilgreind náttúruverndarsvæði og menningarminjar.

2.

Í 8. gr., þar sem fjallað er um kostnað. Þar eru m.a. ákvæði um heimild til að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki eða land í einkaeign, eru etv. ekki nægjanlega skýr. Landvernd telur lögin eigi með ótvíræðum hætti að heimila Landgræðslunni kosta alfarið framkvæmdir þó verið sé að vernda einkaland, enda sé sýnt fram á að almannahagsmunir séu í húfi.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Felixson
framkvæmdastjóri Landverndar